



Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga býður til opins fundar:

Notkun gervigreindar á fjármálamarkaði

Þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 8:30–10:00

Staðsetning: Hylur, jarðhæð í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35

Gervigreind er þegar farin að hafa áhrif á starfsemi fjármálafyrirtækja og regluleg notkun hennar er á mikilli siglingu. En hvernig getur fjármálamarkaðurinn nýtt sér þessa tækni á ábyrgan hátt? Hvaða tækifæri og hættur liggja í notkun gervigreindar, og hvernig bregðast eftirlitsaðilar og fagstéttir við þessum hraða þróunartíma?

Framsögumenn og efni:

Esko Kivisaari og Claudio Senatore

Erindi: Hitchhiker's Guide to AI in Finance – Don't Panic!

Ólafur Hlynsson, sérfræðingur í varúðareftirliti hjá Seðlabanka Íslands

Erindi: Risamállíkon – Hagnýt atriði

Esko Kivisaari er nú formaður Artificial Intelligence & Data Science vinnuhópsins hjá Actuarial Association of Europe (AAE). Hann starfar nú sem ráðgjafatryggingastærðfræðingur hjá Actuarial Consulting and Insulating Esko Kivisaari og situr í stjórn Fennia Insurance. Esko lét af störfum sem aðstoðarframkvæmdastjóri Finance Finland – hagsmunasamtaka finnskra banka og tryggingafélaga – í lok árs 2022. Hann hefur setið í framkvæmdastjórn Insurance Europe, og einnig verið hluti af framkvæmdastjórn European Banking Federation.

Esko er fyrrverandi formaður Actuarial Association of Europe (AAE) og hefur gegnt ýmsum ábyrgðarstöðum innan samtakanna í gegnum tíðina. Hann var einnig í High-Level Expert Group on Sustainable Finance á vegum framkvæmdastjórnar ESB og sat í Consultative Expert Group on ethical use of data hjá EIOPA. Nú hefur hann tekið sæti í nýjum hópi EIOPA: Consultative Expert Group on Data Use in Insurance.

Claudio Senatore er virtur tryggingastærðfræðingur og starfar sem yfirlausnarsérfræðingur á heimsvísu fyrir trygginga- og áhættugreiningar innan Risk, Fraud

and Compliance Solutions teymisins hjá SAS Institute. Hann er virkur félagi í ítölsku tryggingastærðfræðingasamtökunum og hefur átt í nánú samstarfi við bæði alþjóðleg og evrópsk tryggingastærðfræðisamtök, einkum á sviði gagnagreiningar og gervigreindar. Claudio gegnir nú stöðu varaforseta í Data and AI vinnuhópi (AAE).

Með fjölbreyttan bakgrunn í ráðgjöf, frum- og endurtryggingum spannar sérfræðipækking hans margvísleg svið, þar á meðal greining gagna í tryggingum, áhættumat og verðlagningu í skaðatryggingum, sem og skýranlega og siðferðislega ábyrga gervigreind.

Ólafur Hlynsson er með meistaraþróf í hugbúnaðarverkfræði og tölvunarfræði og hefur unnið að ýmsum áhugaverðum hugbúnaðarverkefnum bæði sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur og í störfum sínum hjá Marel og Controlant og vinnur nú í upplýsingatækniáhættu hjá varúðareftirliti Seðlabanka Íslands. Í þessu erindi verða risamállíkön kynnt á hagnýtan hátt og reynt að ramma inn helstu tækifæri og hættur í tengslum við notkun á risamállíkönunum.

Fundurinn er opinn öllum áhugasömum og aðgangur er ókeypis. Nauðsynlegt er að skrá sig fyrirfram – skráning fer fram [hér](#)